

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að leggja á stefnda greiðslu málskostnaðar, er þykir hæfilega metinn kr. 700,00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Hannesson bæjarstjóri f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Gunnari Leifi Guðmundssyni, kr. 3.500,00 auk 6% vaxta frá 24. apríl 1951 til greiðsludags og kr. 700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. nóvember 1954.

Kærumálið nr. 19/1954.

**Bæjarsjóður Akureyrar**

gegn

**Idu Magnúsdóttur.**

**Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómamarar Hæstaréttar.**

Úrskurður héraðsdóms, sem hratt frávísunarkröfu, staðfestur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. f. m. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til raka hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500,00.

Það athugast, að kæra máls þessa var bersýnilega tilefnislaus.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, bæjarsjóður Akureyrar, greiði varnaraðilja, Idu Magnúsdóttur, kærumálskostnað, kr. 500,00, að viðlagðri aðför að lögum.

## Úrskurður bæjarþings Akureyrar 8. október 1954.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar um formhlið þess 31. f. m., er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 27. ágúst sl., af frú Idu Magnúsdóttur, Hríseyjargötu 21 hér í bæ, fráskilinni konu Ragnars Guðmundssonar, á hendur bæjarsjóði Akureyrar til greiðslu á kr. 4.345,00 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi kveður kröfu sína vera kröfu um meðlagsgreiðslu með þremur börnum sínum og fráskilins manns síns, Ragnars Guðmundssonar, yfir tímabilið 1. apríl til 31. ágúst þ. á. samkvæmt leyfisbréfi til algers skilnaðar milli þeirra hjóna frá 21. apríl 1948.

Hún kveður Tryggingastofnunina hafa greitt meðlögin fram til 31. marz sl., en síðan hafi hún felt niður greiðslu, þar sem stefnandi hefur búið með karlmanni, Sigurjóni Friðrikssyni að nafni, sbr. 7. gr. laga nr. 122/1950. Þar sem greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar sé þannig fallin niður og meðlögin fáist ekki greidd hjá föðurnum, telji hún, að heimilt sé að krefja Akureyrarbæ, sem sé heimilis- og framfærslusveit Ragnars og dvalar- og heimilissveit hennar sjálfrar, um greiðsluna.

Stefndi, bæjarstjórnin á Akureyri f. h. bæjarsjóðs, hefur aðallega krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og að stefnandi verði dæmd til greiðslu málskostnaðar eftir mati dómsins.

Til vara er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati dómsins. Ákveðið var, að krafa um frávisun yrði tekin fyrir fyrst, áður en lengra yrði haldið, og fór fram munnlegur málflutningur um þá hlið málsins 30. f. m. og atriðið því næst tekið til dóms eða úrskurðar. Stefndi hefur byggt kröfu sína um frávisun málsins frá dómi einkum á því, er nú skal greina:

Þar sem greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar sé fallin niður við, að stefnandi hafi búið með karlmanni í 3 ár, hafi hún nú eigi aðgang að öðrum en barnsföður sínum og öðlist engan rétt til að beita ákvæðum leyfisbréfsins gagnvart framfærslusveit meðlags-skylda.

Um framfærslu barna stefnanda og Ragnars Guðmundssonar, fyrrv. manns hennar, gildi ákvæði 3. gr. laga nr. 80/1947.

Ef ókleift reynist að innheimta meðlögin hjá föður barnanna og stefnandi sé ekki umkomin að framfæra þau sjálf, þá sé leiðin sú

að snúa sér til sveitarstjórnaryfirvalda samkvæmt 27.—48. gr. í framfærslulögnum, en hún geti ekki knúið fram greiðslu með fulltingi dómstólanna, það er dómstólarnir séu ekki bærir að dæma um aðfararhæfi slíkrar kröfu. Stefnandi hefur andmælt þessum röksemdum stefnda einkum á þeim forsendum, að hér væri ekki verið að krefjast venjulegs framfærslueyris. Hér væri um það að ræða, hvort stefndi, bæjarsjóður Akureyrar, væri sólídarískt ábyrgur fyrir meðlögum barnsföður gagnvart barnsmóður, sbr. 54. gr. framfærslulaga. Hér væri ekki heldur deilt um upphæðina, því að hún væri óumdeild, heldur aðeins greiðsluskylduna. Greiðsluskylda Tryggingastofnunarinnar hafi verið felld niður með lögum, og sé þá spurningin hér, hvort greiðsluskylda bæjarsjóðs, sem Tryggingastofnunin átti óumdeilt endurkröfu á fyrir meðlögum þessum, sé um leið fallin niður af sjálfu sér.

Þá hefur hann haldið því fram, að jafnvel þótt rétt væri, að stefnandi leitaði réttar síns eftir 28.—29. gr. framfærslulaganna, þá heyrði úrskurður þessa máls undir dómstólana, sbr. 60. gr. stjórnarskrárinnar.

Það verður að teljast fortakslaust, að áður en lög nr. 122/1950 gengu í gildi, hafi stefnandi og aðrir, sem stóð eins á fyrir, getað fengið úrlausn dómstóla um greiðsluskylduna samkv. 28. gr. laga nr. 50/1946, sbr. 27. gr., og sama gildi einnig, áður en tryggingarlögin komu, gagnvart sveitarsjóðunum, ef skilyrðum sífja- og framfærslulaga væri fullnægt. Þar sem í þessu máli er um það deilt, hvort stefnandi fái beinan rétt á hendur bæjarsjóði, þegar Tryggingastofnunin er ekki lengur milliliður um greiðsluna vegna sérstaks lagaákvæðis þar um, lítur rétturinn svo á, að það heyri undir hann að skera úr um deiluefnið. Þykir því ekki eiga að taka kröfu stefnda um frávisun málsins frá dómi til greina.

Því úrskurðast:

Máli þessu vísast ekki frá dómi.

---